

# Úrslit úr keppni á Eyrarlandi

Gleðilegt sumar.

Keppnin var haldin hér á Eyrarlandi um síðustu helgi þrátt fyrir að ekki liti vel út um tíma. Það var svo einungis vegna harðfylgi örfárra einstaklinga sem kalla ekki allt ömmu sína þegar skreppa þarf bæjarleið, að hún var haldin.

Fyrstan skal nefna Gunnar nokkurn Guðmundsson hundaræktanda úr Hafnarfirði sem aldrei hefur látið sig vanta þegar haldið hefur verið hundamót undanfarin ár á Íslandi. Annar til sögunnar kom bóndi og búfjáreftirlitsmaður af suðurlandi, sem kom eins og stormsveipur inn í hundamennskuna og lætur mikið að sér kveða, heit sá maður Reynir bak við Hurð. Sá þriðji og ekki sá sísti er hreppstjóri vestan af landi og er landslýð þekktur af verkum sínum á hundavellinum, heitir sá Gísli af Snæfellsjökli. Síðust kom svo eftir sjóferð langa, okkar ástsæla og ylhýra kona af útskerinu við ystu nöf, sem oftast en ekki hefur þurft að notast við öll þau farartæki sem fundin hafa verið upp í heiminum til þess að sækja hundamót, heitir hún Billa hin baldna. Að þessu sinni var ófært landveginn á Mjóafjörð, en svo heppilega vildi til að farþegaskipið Norræna var úti fyrir austfjörðum á leið til Seyðisfjarðar og var skipstjórinn fenginn til þess beygja lítið eitt af kúrsinum og skjótast í land við Dalatanga og kippa Billu með. Henni með í för var svo hin dygga fylgiskona og klappstýra Stína stuð.

Á föstudeginum kl 18 þegar kalla átti í flug til Egilsstað og þeir kappar Gunni og Reynir voru tilbúnir til brottfarar, var fluginu aflýst vegna gossins í Eyjafjallajökli. Nú voru góð ráð dýr og til þess að gera langa sögu stutta, stukku þeir félagar upp í bíl og brunuðu af stað. Á leið sinni út úr bænum hringdu þeir svo í hreppstjórann og báðu hann að fylgja sér. Erindið væri svo brýnt að embættismann þyrfti með. Gísli hlýddi, kastaði frá sér tólunum í miðri gjöf, dró fram svarta frakkann, setti upp húfuna með stjörnunni og stökk í veg fyrir þá féлага. Þeir voru svo komnir í Fljótssdalinn á fjórða tímanum.

Úrslit

Unghundar,

1. Reynir Þór Jónsson

Colin frá Hafnarfirði 56 stig 45 stig

F: Mac Eyrarlandi

M: Týra frá Kaðalstöðum

2. Þorvarður Ingimarsson

Fluga frá Eyrarlandi 30 stig 49 stig

F: Mac Eyrarlandi

M: Lýsa frá Hafnarfirði

3. Gunnar Guðmundsson

Ólína frá Hafnarfirði 46 stig 31 stig

F: Mac Eyrarlandi

M: Týra frá Kaðalstöðum

Þarna sýndi sunnlendingurinn klærnar og hefði þessi stigamunur hæglega orðið mun meiri. Colin er vel taminn og getumikill hundur með frábæran stíl og óhætt fyrir okkur hina að koma undirbúnir til leiks ætlum við okkur að keppa við hann. Það mátti kannski sjá að Ólína þyrfti að fara eina fjallferð eða svo, fyrir svona keppni, orkan er mikil og sjaldan möguleiki fyrir eigandann að komast í kindur. En aldurinn vinnur með henni og hennar tími mun koma.

B-flokkur,

1. Reynir Þór Jónsson

Tútú frá Daðastöðum 62 stig 61 stig

F: Dan Daðastöðum

M: Soffía frá Daðastöðum

2. Gísli Þórðarson

Kata frá Daðastöðum 31 stig lauk ekki síðara rennsli

F: Dan Daðastöðum

M: Soffía frá Daðastöðum

Aftur sýndi sunnlendingurinn takta og sigraði hreppstjórnann með yfirburðum. Þarna áttust við systurnar frá Daðastöðum sem eru mjög flottar týpur með geysilega flottan stíl. Báðar mjög hlýðnar en ennþá vantar uppá, að úthlaupið sé nægilega gott hjá Kötunni. Hún notar of mikið auga í úthlaupinu og dregur sig inn á kindurnar. Þetta lagar Gísli í tóninu heima í sumar og mætir svo stórhættulegur næst.

A-flokkur

1. Þorvarður Ingimarsson

Mac Eyrarlandi 90 stig

2. Þorvarður Ingimarsson

Lýsa frá Hafnarfirði 89 stig

F: Tígull frá Eyrarlandi

M: Týra frá Kaðalstöðum

3. Marsibil Erlendsdóttir

Spóla frá Daðastöðum 83 stig

F: Rex frá Daðastöðum

M: Lús frá Eyrarland

Billa er búin að lofa mér því að hún skuli vinna mig einhvern tíma. Satt best að segja var farið að fara um mig, því þarna hélt ég að væri komið að því. Skiptingin gekk djúlla hjá henni og það varð mér til happs. Satt best að segja var Spóla alveg frábær og allir sammála um að aldrei hefði henni tekist svo vel upp, það gekk allt upp, neeemma að skipta. En þarna sá ég, að hún á eftir að standa við orð sín.

Dómari var Lárus Sigurðsson

Sleppingar sáu um, þeir Rúnar Ásgeirsson og Ingimar Jóhannsson

Ég vil svo þakka keppendum og starfsmönnum fyrir keppnina. Þessi keppni hefði ekki verið haldin nema fyri það að það er til duglegt fólk sem er til með að leggja dálítið á sig fyrir félagsskapinn. Hafið bestu þakkir fyrir að koma og eiga ánægjulega helgi með okkur hér.

f.h. Austurlandsdeildar Smalahunsdafélags Íslands

kv Varsi